

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar

Dagsetning fundar: 11. janúar 2016.

Tímasetning fundar: Kl. 20:00 - 22:00

Fundarstaður: Skype

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Dagbjört Ottósdóttir	formaður	skype
Þórhildur Kristjánisdóttir	varaformaður	skype
Guðlaug Ásgeirsdóttir	gjaldkeri	skype
Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir	ritari	skype
Bryndís Bjarnarson	meðstjórnandi	skype
Aðalheiður Gunnarsdóttir	vefstjóri	skype

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

1. Norrænt kvennakórasamstarf.

Rætt um fyrirhugaða ferð tveggja stjórnarliða Gígjunnar, DO og GÁ, á fund um norrænt kvennakórasamstarf í Helsinki í Finnlandi þann 6. febrúar 2016.

Áætlaður kostnaður við ferðina er u.þ.b. 63.000 kr. með hóteli á mann auk um 20.000 kr. í dagpeninga á mann. DO upplýsir fundarmenn um að um kr. 500.000 séu til í sjóð Gígjunnar og enn eigi margir aðildarkórar eftir að borga ársgjaldið.

Umræða um hvað Gígjan sem kvennakórasamtök fái út úr svona fundum. Bent var á að eitt af markmiðum Gígjunnar væri að efla norrænt samstarf. Markmiðið með fundinum nú í Helsinki er að endurvekja norrænt kvennakórasamstarf.

ÞK og DO ætla að sækja um styrki fyrir kostnaði ferðarinnar. Þórhildur ætlar sem fyrst að athuga hjá menntamálaráðuneytinu með styrkveitingar og tímasetningar.

2. Aðildarumsókn.

Borist hefur umsókn frá Kvennakórnum Rósum í Hafnarfirði um aðild að Gígjunni.

Umsóknin er samþykkt og Kvennakórinn Rósir boðinn velkominn í Gígjuna. Aðildarkórar Gígjunnar eru nú 27 talsins.

3. Vinnufundur.

Rætt um að halda vinnufund þar sem farið verði yfir ýmis mál sem varða Gígjuna. Fundurinn verði haldinn annað hvort 13. febrúar eða 5. mars.

4. Fjölís.

ÞK hefur verið í sambandi við Helgu hjá Fjölís en í bígerð er að gera nýja samninga um notkun kóranna á samningavörðu efni. Unnið er að því að finna út hversu mikið efni kórar fjölríta að meðaltali.

5. Ferðakostnaður stjórnarmanna.

Rætt um ferðastyrki til stjórnarmeðlima Gígjunnar. Aðalheiður vitnar í samþykkt frá framhaldsaðalfundi 20. október 2007 þar sem segir: “Meðlimir aðalstjórnar Gígjunnar utan stór-Reykjavíkursvæðisins geta sótt um að fá greiddan 1/3 af kílómetragjaldi ríkisins til þátttöku í skilyrtum stjórnarfundum, sem teljast tveir fundir á ári samkvæmt lögum Gígjunnar.”

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 22:00.

Ritari fundargerðar: Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir.